

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögu að breyttu deiliskipulagi.

Kleifakór 20. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Kópavogsbæjar samþykkt þann 14. apríl 2020 breytingu á deiliskipulagi fyrir Kleifakór 20. Í breytingunni felst heimild til þess að byggja bílgeymslu 40 m² að flatarmáli norðan við núverandi íbúðarhús. Ofan á bílgeymslunni er gert ráð fyrir verönd með glerhandriði. Útveggur bílgeymslu nær að lóðarmörkum Kleifakórs 22.

Málsmeðferð var skv. 43. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 6. nóvember 2020.

Birgir Hlynur Sigurðsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 13. nóvember 2020